



LEB

Landssamband eldri borgara

Sigtún 42, 105 Reykjavík

KT: 600989-4059;

Fax: +3545515835

Símar: +3545677111/ +3548599711

Netfang: leb@leb.is

Heimasíða: www.leb.is

Alþingi

Erindi nr. Þ 143/27

komudagur 24.10.2013

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Umsögn um mál nr. 3 þingskjal 3. Frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga 2014.

Um breytingar á lögum um málefni aldraðra lög nr. 125/1999

Landssamband eldri borgara gerir ekki athugasemd við hækkun á gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra samkvæmt verðlagsbreytingum.

Landssambandið leggst hins vegar gegn því að í ákvæði til bráðabirgða VII sé framlengt heimild til að kosta rekstur hjúkrunarrýma á árinu 2014. Þetta ákvæði hefur verið í gildi 2012 og 2013 og er samkvæmt frumvarpinu framlengt fyrir árið 2014. Við bendum á að mikil þörf er fyrir byggingu hjúkrunarheimila og að ljúka þeim sem eru í byggingu. Til þess á að nota fjármagn úr Framkvæmdasjóði aldraðra, en ekki til reksturs hjúkrunarrýma.

Við leggjum til að ákvæðið sé ekki framlengt fyrir árið 2014.

Reykjavík, 24. október 2013

f.h. Landssambands eldri borgara

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður